



## 1. Skóli sem sinnt hefur vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi

Öflugt og farsælt starf hefur verið unnið í Hvolsskóla um langt skeið. Skólahverfið hefur stækkað og allir grunnskólar Rangárbings eystra hafa verið sameinaðir í Hvolsskóla. Samhliða þeirri vinnu hefur markvisst þróunarstarf einkennt starfsemi skólans þar sem nýtt námsfyrirkomulag hefur verið mótað og námið gert einstaklingsmiðaðra. Almennt er viðhorf foreldra jákvætt til innra starfs skólans og samskipta við kennara. Að sama skapi telja kennarar samstarf við foreldra ganga vel fyrir sig.

Gagnkvæm virðing í samskiptum sem einkennast af samvinnu og lýðræðislegri ákvarðanatöku er eitt af gildum Hvolsskóla. Birtist það m.a. í starfsháttum meðal nemenda og starfsmanna. Auk þess er rík áhersla lögð á að einstaklingurinn sé hafður í brennidepli. Ýmis skref hafa verið stigin til að ná því marki að koma hverju barni til aukins þroska í samræmi við þarfir þess. Þannig hefur hefðbundið bekkjakerfi vikið fyrir sveigjanlegum námshópum þar sem leitast er við að hver og einn fái þá þjónustu sem honum hæfir. Nemendum er ætlað að tileinka sér sjálfsaga, sjálfsvirðingu og raunhæft sjálfsmat; litið er á samfélagið allt sem námsvettvang fyrir nemendur.

Í þróunarstarfinu hefur kastljósinu verið beint að samvinnu kennara, umsjónarkennaranum, lestrarstundum á öllum stigum skólans, námsmati, aðgerðum gegn einelti, gagnvirkum lestri, tengslum leik- og grunnskóla og umhverfisverkefninu *Skóli á grænni grein*. Þá hafa kennarar verið þátttakendur í þróunarverkefninu *Bright Start* sem er kennsluáferð ásamt kennsluefni fyrir yngri nemendurnar. Áferðin er hönnuð til að víkka hugsunarferli barna með því að þroska hugtakanotkun og þrautalausnatækni þeirra.

Einstaklingsmiðað nám felur í sér viðleitni af hálfu kennara til að bregðast stöðugt við námsþörfum hvers nemanda. Til þess þarf að beita fjölbreyttum kennsluáferðum. Skólinn hefur markvisst unnið að þróunarstarfi í þá veru. Markmið hans er að hver nemandi nái hámarks þroska og árangri. Áhersla er lögð á að nýta þekkingu og færni hvers kennara og laða það besta fram hjá hverjum og einum.

Af öllu þessu er ljóst að í Hvolsskóla er farsælt og framsækið starf þar sem uppsprettan er fólgin í mannauði skóla sem sækir stuðning til góðra verka til hins ytra samfélags, leiddur áfram af styrkri forystu stjórnenda skólans.